



Íþrótt, menning, lífsstíll

20. mars 2009

4. fundur stjórnar LH

Haldinn í Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Aðalstjórn og varastjórn voru boðaðar til þessa fundar. Mættir voru: Haraldur Þórarinnsson, Vilhjálmur Skúlason, Sigurður Ævarsson, Oddur Hafsteinsson, Ísleifur Jónsson, Sigfús Helgason, Maríanna Gunnarsdóttir og Sigrún Valdimarsdóttir, gestir voru Bjarnleifur Bjarnleifsson og Hjörný Snorraddóttir aðrir boðuðu forföll.

1 Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Fundargerð síðasta fundar samþykkt með leiðréttingum.

2 Fasteignagjöld hesthúsa

LH barst svarbréf vegna fyrirspurnar um álagningu fasteignagjalda á hesthús frá Samgönguráðuneytinu um að ekki yrði farið í frekari breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga en erindið verður skoðað við næstu endurskoðun laga um tekjustofna sveitarfélaga.

3 Stofnun hagsmuna og umhverfisnefndar

Stjórn samþykkti að HÞ myndi skoða í samvinnu við Einar Ragnarsson stofnun hagsmuna og umhverfisnefndar LH.

4 Landsmót 2008

Hjörný Snorraddóttir kynnti niðurstöður verkefnis sem hún vann í HÍ er fjallaði um Landsmót 2008. HÞ mun ræða frekari útlistun verkefni við HS.

5 Vinnufundur stjórnar á Blönduósi

Farið var yfir stefnumótunarskjal stjórnar sem byrjað var að vinna á Blönduósi.

a. LM ehf.

HÞ og VSK fóru yfir stefnumótun við stjórn LM ehf. og hún rædd. Stjórn ákvað að haldið yrði áfram að vinna eftir drögum um framtíðarsýn LM ehf. yrði haldið áfram undir stjórn HÞ og VSK.

Boðað hefur verið til aðalfundar LM ehf. 2 apríl 2009.

b. Samstarf við BÍ

HÞ, VSK og GS hafa tvívegis fundað með BÍ og nánara samstarf og eru þau mál í réttum farvegi að mati stjórnar. Ákveðið var að halda áfram vinnu um nánara samstarf við BÍ.

c. Fagráð

Stjórn LH muna fela GS og VSK að skrifa setja saman uppkast að bréfi til Fagráðs og leggi fyrir stjórn. Stjórn telur boð um setu í Fagráði gott fyrsta skref að innkomu LH að Fagráði. Ísleifur Jónsson hefur verið skipaður fyrir hönd LH í stjórn Fagráðs og borist hefur staðfesting um samþykki hans af Fagráði.

d.

Frekari umræðum frestað til næsta stjórnarfundar.

6 Ráðning landsliðseivalds

Bjarnleifur Bjarnleifsson kynnti tillögu Landsliðsnefndar á Landsliðseivaldi. Nefndin leggur til að Einar Öder Magnússon verði ráðin og var það samþykkt af stjórn LH. Val hans verður kynnt á blaðamannafundi þriðjudaginn 21.03.2009.

Stjórn LH telur nauðsynlegt að yfirfara reglur Landsliðnefndar eftir næsta heimsmeistaramót.

7 Worldfengur.

Bréf frá FEIF vegna greiðslu ársgjalds LH vegna aðgangs aðildarfélaganna LH að Worldfeng. LH hefur ekki greitt árgjaldið, reikningur hefur ekki borist, en nánari útfærslu um hvernig væri best að vinna þetta var vísað til tölvunefndar og BÍ, OH mun taka málið áfram með BÍ.

8 Keppismál

a. Dómaramál á heimsleikum 2009

Stjórn LH lýsir vonbrigðum yfir hversu fáar umsóknir alþjóðadómara bárust frá Íslandi til dómgaeslu á næstu heimsleikum.

b. Lágörk Íslandsmóts 2009.

Keppnisnefnd lagði fram einkunnarlágörk fyrir næsta Íslandsmót. Niðurstöður skulu settar á heimasíðu LH.

c. FEIF ársþing

Reglur sem samþykktar voru á síðasta ársþingi FEIF hafa ekki enn verið gefnar út af FEIF. Stjórn samþykkir að ýta á FEIF að flýta útgáfu þeirra

d. Tímataka kappreiða

Stjórn LH samþykkir að hefja skráningu íslandsmeta sem haldin eru eftir lögum og reglum LH og eru tekin með rafrænum hætti fyrir árið 2009. Jafnframt verður haldið utan um eldri met sem hafa verið sett með handtímatöku á heimasíðu LH. Stjórn LH óskar eftir því að keppnisnefnd skrifi stjórn FEIF bréf með ósk um að rafrænn tímatökubúnaður verði samræmdur íslenskum tímatökubúnaði.

9 Önnur mál

a. Fundargerðir nefnda

Stjórn LH óskar eftir því að starfsnefndir skili inn fundargerðum nefnda og þær síðan sendar strax til stjórn LH til kynningar.

b. Aðalfundur Eiðfaxes.

Aðalfundur Eiðfaxes ehf. verður haldin 2. Apríl kl.10:00. HP mun vera í samráði við stjórnarmenn um mætingu.

- c. Ferðasjóður ÍSÍ.**
SH óskaði eftir því að stjórn geri könnun á hvort og þá hvaða hestamannafélög hefðu fengið úthlutað og hversu mikið kom í þeirra hlut af síðustu úthlutun.
- d. Íslandsmót 2009 á Akureyri**
MG gerði fyrirspurn um stöðu Íslandsmót 2009 á Akureyri. HÞ svaraði því að málið væri komið í farveg og mannvirkjanefnd færi norður og eigi að skila skýrslu fyrir páska 2009.
- e. Fjármál og starfsmannamál LH**
VSK óskaði eftir umræðum um fjármál og starfsmannamál LH á næsta stjórnarfundum.
- f. Aðalfundur FT**
MG mun gera samantekt frá aðalfundi FT. og senda á stjórn.
- g. Ístölt 2009**
HÞ kynnti samkomulag á milli LH, AMN ehf. og Birgis Skaptasonar um Ístölt. Og samþykkti stjórn LH samningin

Næsti stjórnarfundur verður 4. Apríl 2009.

*Fleira ekki fært til bókar
Fundarritari: Oddur Hafsteinsson*